

19. fundur húsnefndar Végarðs, 17.12 2018, kl. 11:00

Mætt: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnar Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Hörður Guðmundsson, húsvörður.

Samþykkt að boða jólavist föstudagskvöldið 28. desember kl. 20:30.

Viðhald 2018:

Skipt var um gler í 4 gluggum á sviði og sett eitt stórt opnanlegt fag/neyðarútgangur í 1 gluggann.

Keyptur var vatnshitari fyrir útivask og lítil tengitafla, þannig að hægt er að setja upp tengi fyrir húsbíla á flötinni ofan við Végarð. Sett voru upp leiktæki á tjaldsvæðið, þ.e. tvöföld róla og gormatæki. Einnig sett upp körfuboltastöng. Keypt var lítil frystikista og skjávarpi. Píanóið /gamla er enn á sínum stað.

Fyrirliggjandi viðhald 2019:

Það þarf að lagfæra tengingar á hitatúpu í kjallara.

Rætt um að skoða aftur með jörð í vatn varmadælu fyrir húsið.

Í fjárhagsáætlun hreppsins eru fjármunir ætlaðir í viðhald Végarðs.

Fyrirhugað er að skipta út parketti í sal og á sviði. Húsnefnd sammála um að einnig verði skipt út gólfefni á hluta hliðarsalar. Samþykkt að Hörður verði framkvæmdaraðili. Rætt um val á gólfefni og ætlar Hörður að útvega prufur. Stefnt að því að framkvæmt verði eftir þorablót og ljúki fyrir vorið.

Þá þarfnast ytra birgði hússins viðhalds. Múrari var fenginn til að leggja mat á viðhald og hans niðurstaða er, að einfaldast væri að klæða vegginn sem snýr út dalinn. Við það myndi útlit hússins breytast og þarf að skoða leiðir í því. Samþykkt að skoða málið betur.

Pantanir næsta árs:

18-20/7 brúðkaup og afmæli

17-18/8 brúðkaup.

Gjaldskrá 2019:

Helgarleiga kr. 70.000,-

Sólarhringur kr. 38.000,-

Dagsleiga/fundir kr. 8-23.000,- eftir tímalengd.

Þrif : viðmið kr. 20:000,-

Réttarball sem húsnefnd stóð fyrir í haust tókst vel. Fjárhagslega stóð skemmtunin tæplega undir sér.

Búnaðarfélagið keypti gólfþvottavél sem er í leigu hjá félagsheimilinu. Fljótsdalshreppur styrkti kaupin og eru þau leigulaus fyrir félagsheimlið í 5 ár.

Rætt um að kaupa litla kaffivél (bollakönnu) í Végarð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Hörður Guðmundsson